

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	17-18 2017
Málsnr:	108453
Bréfal:	III.4

Til allra sveitastjóra og bæjarstjóra

Reykjavík, 12. júlí 2017
Tilvísun þí: 201707113/6.6.3

Efni: Tilkynning um fasteignamat 2018


Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið 31. maí ár hvert. Þjóðskrá Íslands skal kynna sveitarfélögum og eigendum fasteigna niðurstöður endurmatsins og tekur nýtt fasteignamat gildi næsta 31. desember, sbr. 32. gr. a laga, nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Fasteignamat skal endurspeglag gangverð miðað við síðastliðinn febrúarmánuð.

Árið 2009 var tekin upp ný og endurbætt aðferðarfræði, markaðsmat, fyrir fasteignamat íbúðarhúsnæðis. Þá var 2014 tekin upp aðferðarfræði tekjumats upp fyrir tilteknar atvinnueignir, sem eru skrifstofueignir, verslunareignir og eignir fyrir léttan iðnað. Í endurmatinu í ár er svo tekin upp aðferðafræði markaðsmats fyrir sumarhúsa eignir þar sem skýrlega hefur komið í ljós að áhrif staðsetningar og tiltekinna þjónustuþáttu hafa áhrif á gangverð fasteigna.

Þjóðskrá Íslands sendir hér meðfylgjandi lista þar sem fram kemur heildarfjárhæð gildandi fasteignamats og þar af landmats 2017 og heildarfjárhæð nýja matsins sem og landmats 2018 miðað við stöðuna 31. maí sl. ásamt hlutfallsbreytingu milli ára. Auk þess sendist hér með fréttatilkynning frá 2. júní sl.

Frekari gögn og upplýsingar um fasteignamat 2018 er að finna á vef stofnunarinnar: <https://www.skra.is/fyrirtaeki/fasteignir/fasteignamat/> Jafnframt er bent á að matstölur 2018 birtast nú í álagningarkerfi sveitarfélaga sem gerir sveitarfélögum kleift að hefja undirbúning að fjárhagsáætlun 2018.

Að lokum er tekið fram að ítarleg skýrsla um fasteignamat 2018 með umfjöllun um niðurstöður, aðferðarfræði og matsforsendur verður gefin út í september nk. og er sveitarfélögum bent á að frá þeim tíma verður unnt að nálgast skýrsluna á vef stofnunarinnar.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Margrét Hauksdóttir
forstjóri